

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982, um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 126 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Vestmannaeyja.

1. RAFORKA.

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald 1,29 kr/kWh.

Fastagjald 470,00 kr/a.

Þessi liður kemur í stað liða A1, A2, A3, A6, B1, C1 og F1 í fyrri gjaldskrá, og getur verið skráður þannig á reikningum.

C. Afl og orkumæling.

C2 Um kW-kWh — mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald 1 864,00 kr/kW/a.

Orkugjald:

0—2500 kWh/kW 0,60 kr/kWh

2500—4000 kWh/kW 0,34 kr/kWh

Yfir 4000 kWh/kW 0,17 kr/kWh

Mælaleiga samkvæmt dagskrá.

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins. Á tímabilinu 16. maí—15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20%, án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki verðjöfnunargjald og sölugjald af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé ávallt 40%. Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

- D1 Orkugjald 0,35 kr/kWh (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).
Fastagjald 470,00 kr/a
- D3 Orkugjald 0,50 kr/kWh
Fastagjald 470,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

Að vélaafl, spennar og götulinur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyriræmum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mestasamtímaafl og ársorkuþörf þess húsrýmis, sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

- F2 Orkugjald 1,88 kr/kWh.
Fastagjald 470,00 kr/a
til vinnuljósa, vinnuvéla og annarar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.
- F5 Aflgjald 3 738,00 kr/kWh
af uppsettu afli til gatna- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxa C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiði notandi aðrar 3 738,00 kr/kWh/a fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

- | | |
|-------------------------------------------------|-------------|
| 1. Einfasa kWh-mælir | 90,00 kr/a |
| 2. Þrífasa kWh-mælir | 350,00 kr/a |
| 3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennum | 590,00 kr/a |
| 4. Þrífasa kW-kWh-mælir | 590,00 kr/a |
| 5. Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennum | 940,00 kr/a |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald ¹⁾ kr/m
63 A einfasa	7 750,00	235,00
63 A þrífasa	8 450,00	235,00
100 A þrífasa	13 500,00	295,00
200 A þrífasa	27 900,00	350,00
315 A þrífasa	42 300,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	52 800,00	—
710 A þrífasa	96 300,00	—
1200 A þrífasa	164 000,00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ¹⁾²⁾ Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	1 530,00	235,00
63 A þrífasa	2 110,00	235,00
100 A þrífasa	2 230,00	295,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt út loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðar við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduroppnun kr. 190,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 190,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald, kr. 190,00.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmanneyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 23,5% sölugjald, ásamt 19% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1982 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 128 1. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

- 1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald 1,54 kr/kWh.
- 1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald 1,90 kr/kWh.

2. Heimili o. fl.

- 2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum. Orkugjald 1,38 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

- 3.1 Til vélanotkunar.
Orkugjald 1,54 kr/kWh.
- 3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskýlt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald 0,48 kr/kWh.
Aflgjald 1 328,00 kr/kW á ári.